

27

14. marz

AUGLÝSING

um aðild Íslands að viðbótarsamningi við samning frá 5. júlí 1890
um alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga.

Hinn 10. febrúar 1956 var belgíska utanríkisráðuneytinu afhent aðildarskjal Íslands að viðbótarsamningi gerðum í Brüssel 16. desember 1949 við samning frá 5. júlí 1890, um alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga, er birtur var í Danmarks Traktater, IV. hefti, nr. 98.

Gildistaka aðildar Íslands að viðbótarsamningnum miðast við 1. apríl 1956.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 14. marz 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

28

14. marz

AUGLÝSING

um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Póllands.

Á grundvelli viðskipta- og greiðslusamnings milli Íslands og Póllands frá 18. nóvember 1949 (Stj.tíð. A. 40/1950) var hinn 6. marz 1956 undirritað í Varsjá samkomulag um viðskipti milli Íslands og Póllands á tímabilinu 1. marz 1956 til 28. febrúar 1957.

Samkvæmt íslenska vörulistanum, sem samkomulaginu fylgir, er gert ráð fyrir útflutningi íslenskra afurða til Póllands á tímabilinu, sem hér segir: Fryst síld 2000 smál., saltsíld 1000 smál., fiskimjöl 1500 smál., meðalalýsi 600 smál., iðnaðarlýsi 200 smál. og saltaðar gærur 100 smál.

Á pólska vörulistanum eru stærstu vörflokkarnir eins og áður: Kol, járn- og stálvörur, vefnaðarvörur, sykur, niðursoðnir ávextir og grænmeti, leirvörur, búshöld o. fl.

Óski hvorugur samningsaðili eftir breytingum á samkomulagi þessu á samningstímabilinu framlengist það óbreytt sjálfkrafa til 28. febrúar 1958.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 14. marz 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.